

## **Borgarráð 9. janúar 2025: Fyrirspurn Flokks fólksins um ferðapjónustu fatlaðs fólks MSS25010072**

Óskað er upplýsinga um hvað fór úrskeiðis hjá Ferðapjónustu fatlaðs fólks þegar fötluð kona með þroskahömlun var keyrð á rangan áfangastað og skilin eftir þar á aðfangadagskvöld.

### **Greinargerð**

Þetta atvik er ekki einsdæmi. Í þessu tilfelli var hinn fatlaði einstaklingur skilin eftir á ókunnugum stað þar sem hann var einn og ráðvilltur við hús sem hann þekkti ekki. Ferðapjónusta fatlaðs fólks átti að skila henni heim í Skálatún í Mosfellsbæ en flutti hana þess í stað í ókunnugri blokk um 11 leytið síðastliðið aðfangadagskvöld. Bíllinn kom þess utan of seint. Viðkomandi gat ekki gert sig skiljanlegan vegna fötlunar sinnar. Hér er um háalvarlegt mál að ræða sem hefði getað farið illa. Fleiri tilvik sambærileg hafa gerst og má minnst á mál í febrúar 2024 þar sem bílstjóri skildi eftir fatlaðan dreng eftir við Víkingsheimilið í stað þess að aka honum heim. Ferðapjónusta fatlaðra er rekin af Strætó bs. sem hefur ekki gert grein fyrir þessu máli né því sem átti sér stað nú í desember.